

Ed.

452. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpið fjallar um staðfestingu á viðaukasamningi, sem ríkisstjórnin hefur gert við Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík, og gerir ráð fyrir því, að síðari áfanga bræðslunnar verði lokið þann 1. september 1972. Jafnframt skal heimilt að stækka fyrri áfanga bræðslunnar sem nemur 10—11 þúsund lestum, en af þeirri stækkun leiðir aukna raforkusölu frá Búrfellsvirkjun um 20 megawött.

Í viðaukasamningi um þá auknu orkusölu, er að framan greinir, er reiknað með sama raforkuverði og um hefur verið samið.

Hér verður enginn dómur lagður á yfirstandandi deilu um það, hversu mikið vanti á, að umsamið raforkuverð standi undir framleiðslukostnaði, en aðeins á það bent, að aukin raforkusala til álverksmiðjunnar þýðir bættu afkomu Búrfellsvirkjunar næstu árin, með því að enginn innanlandsmarkaður virðist til fyrir þá umframorku, sem þar er framleidd.

Undirritaðir mæla með samþykkt frumvarpsins, en taka fram, að stuðningur þeirra við frumvarpið felur ekki í sér samþykki á því orkuverði, sem upphaflega var um samið.

Alþingi, 20. marz 1970.

Einar Ágústsson,
frsm.

Björn Fr. Björnsson.